



## Fundur háskólaráðs 21. október 2004

### Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir  
Staða: Lokið

### Dagsetningar:

Búið til: 14.10.2004  
Dags: 21.10.2004

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

14/2004

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, fimmtudaginn 21. október var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Rögnvaldur Ólafsson, Vilhjálmur Árnason, Jón Ó. Skarphéðinsson, Jóhannes R. Sveinsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Ásthildur Erlingsdóttir (varam. Önnu Pálu Sverrisdóttur), Bryndís Harðardóttir og Matthías Imsland.

### 1. Til fróðleiks

- 1.1 Fundargerð 14. háskólafundar föstudaginn 17. september 2004.
- 1.2 Dagskrá 15. háskólafundar föstudaginn 12. nóvember 2004.
- 1.3 Efnisatriði og verkefni vegna Bolognaferlsins, minnisblað 11. október 2004.
- 1.4 Upplýsingar um nýtingu á lesrými í Þjóðarbókhöllu.
- 1.5 Yfirlit um aðgang stúdenta að lesaðstöðu í húsnæði Háskólans.
- 1.6 Samningur H.Í. og Þjóðaskjalasafns Íslands, dags. 29. september 2004.
- 1.7 Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, texti frá samninganefnd ásamt bréfi, dags. 15. október 2004.
- 1.8 Álit umboðsmanns Alþingis, dags. 14. október 2004, í tilefni af kvörtun Jarprúðar Ásmundsdóttur, sbr. b-lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997.
- 1.9 Drög að dagskrá málþings um opinbera háskólastefnu 1. nóvember 2004.
- 1.10 Starfsmat í Háskóla Íslands, staða mála.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Kjör fulltrúa Háskólans í samstarfsnefnd um framkvæmd samnings Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.  
Rögnvaldur Ólafsson, fulltrúi Háskóla Íslands í stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, gerði grein fyrir málinu.  
- Samþykkt samhljóða að Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórnarsýslu, verði fulltrúi Háskólans í samstarfsnefndinni.
- 2.2 Endurskoðun á 3. gr. reglna Reiknistofnunar Háskólans, sbr. síðasta fund.

- Samþykkt einróma.

2.3 Tillaga lagadeildar að reglum um doktorsnám og rannsóknánámsnefnd við lagadeild, dags. 14. október 2004. Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

2.4 Málefni Sjávarútvegsstofnunar og Umhverfisstofnunar, sbr. fund háskólaráðs 15. júní sl. Inn á fundinn kom Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri reksturs- og framkvæmda, og gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Frestað.

### 3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Viðræður rektors við menntamálaráðherra um framtíðarfjármögnun kennslu og rannsókna við Háskóla Íslands o.fl., sbr. síðasta fund. Lagt fram yfirlit um breytingar sem orðið hafa á framlagi til rannsókna sl. 5 ár.

Rektor gerði grein fyrir efnisatriðum og stöðu viðræðna sinna við menntamálaráðherra, en síðasti fundur fór fram 18. október sl. Í viðræðunum hefur verið fjallað um eftirtalin mál:

Heimild til að hefja framkvæmdir við Háskólatorg, fjárlagabeiðni fyrir 2005 með sérstakri ósk um 200 m.kr. viðbótarframlag vegna rannsókna, stuðning við meistara- og doktorsnám, endurskoðun reikniflokka og fjárveitingar vegna fámennra greina og heimildir til gjaldtöku. Einnig lagði rektor fram drög að bréfi til menntamálaráðherra þar sem lögð er fram og rökstudd eindregin ósk Háskólans um að ráðherra beiti sér fyrir frekari hækkun á fjárveitingu til Háskólans en fram kemur í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005. Í bréfinu kemur m.a. fram að:

- Áætlaður halli á rekstri Háskóla Íslands á árinu 2004 er 240 m.kr. þrátt fyrir mikið aðhald. Sú raunhækkun sem Háskólinn fær skv. frumvarpi til fjárlaga ársins 2005 er u.þ.b. 220 m.kr. (120 vegna fjölgunar nemenda og 100 vegna hærri skrásetningargjalda) og hún nægir ekki til að rétta af núverandi rekstur Háskólans.

- Gera megi ráð fyrir að launakostnaður í Háskóla Íslands verði 60-80 m.kr. hærri að raungildi á árinu 2005 en á árinu 2004 vegna framgangs og flokkahækkana sem prófessorar fá samkvæmt samþykktum kjaranefndar og dósentar og lektorar fá samkvæmt kjarasamningi Félags háskólakennara við fjármálaráðuneyti.

- Lágmarkshækkun á árinu 2005 til þess að komast hjá hallarekstri sé því um 320 m.kr.

- Minnt er á að háskólayfirvöld hafa farið fram á að skrásetningargjöld verði hækkuð úr kr. 32.500 í kr. 45.000 og að þau verði öll látin renna til skólans. Hefði verið farið eftir þessu væri áætluð tekjuaukning vegna þeirra um 250 m.kr. í stað um 100 m.kr.

- Í fjárlagaerindi Háskólans fyrir árið 2005 hafi verið óskað eftir 200 m.kr. hækkun á fjárveitingu til rannsókna, sbr. sérstakt minnisblað sem lagt var fram á fundi rektors og ráðherra 18. október sl. þar sem rök Háskólans fyrir þessari beiðni eru ítrekuð.

- Á undanförunum árum hafi laun farið hlutfallslega hækkandi og hafi deildir skólans því neyðst til að skera niður útgjöld til rekstrar og ekki getað endurnýjað ýmsan búnað með eðlilegum hætti. Í þessu sambandi er bent á minnisblað um tækjavæðingu til kennslu og rannsókna í Öskju sem dreift var á fundi með ráðherra 10. maí sl. Þar kom fram að áætlað er að það kosti um 90 m.kr. að búa kennslustofur nauðsynlegum tækjabúnaði.

- Loks er bent á að fjölgun nemenda í framhaldsnámi leiði til kostnaðarhækkana, sbr. minnisblað sem lagt var fram á fundinum 18. október sl.

3.2 Frumdrög fjárhagsáætlunar Háskólans 2005 lögð fram.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði grein fyrir framlögðum gögnum og stöðu fjárhagsáætlunargerðar fyrir Háskólann. Fyrir

fundinum lá einnig minnisblað akademískrar stjórnarsýslu: Kennsluáætlun háskólaársins 2005-2006 og fjárhagsáætlun ársins 2005; aðhald í skólasterfinu háskólaárið 2004-2005 og 2005-2006, dags. 20. janúar 2004 og beiðnir guðfræðideildar, félagsvísindadeildar og heimspekideildar um heimild til að taka inn nemendur í janúar 2005. Í máli Ingjaldar kom m.a. fram að enn er ekki komin til framkvæmdar samþykkt ráðsins um stjórnunar- og aðstöðugjald frá 21. nóvember 2002.

- Málið var rætt og verður það áfram á dagskrá funda háskólaráðs.

3.3 Tillögur um breytingar á sameiginlegum reglum Háskólans nr. 458/2000, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir breytingartillögunum og voru þær ræddar.

- Allar tillögurnar samþykktar einróma að undanskilinni tillögu um breytingar á 4. tölulið 27. greinar, en afgreiðslu hennar var frestað.

3.4 Tillaga lagadeildar um breytingu á reglum um meistaranám nr. 664/2000, sbr. síðasta fund.

- Samþykkt einróma.

3.5 Samþykkt Lagastofnunar H.Í. um þjónusturannsóknir, sbr. síðasta fund.

- Frestað.

3.6 Tillögur um breytingar á reglum Raunvísindastofnunar, sbr. síðasta fund.

- Samþykkt einróma.

3.7 Kjör stjórnar Reiknistofnunar Háskólans, sbr. síðasta fund.

- Samþykkt einróma að stjórn verði skipuð eftirtöldum einstaklingum 2004-2006: Þórði Kristinssyni, framkvæmdastjóra akademískrar stjórnarsýslu, formanni, Fjólu Jónsdóttur, dósent í verkfræðideild, Sóley Bender, dósent í hjúkrunarfræðideild, Gunnari Stefánssyni, prófessor í raunvísindadeild, Guðmundi B. Arnkelssyni, dósent í félagsvísindadeild.

3.8 Skipun stjórnar Siðfræðistofnunar, sbr. síðasta fund.

- Samþykkt samhljóða að stjórnin verði skipuð eftirtöldum einstaklingum 2004-2007, en Vilhjálmur Árnason sat hjá:

Vilhjálmur Árnasyni, prófessor, tilnefndum af heimspekiskor,  
dr. Sólveigu Önnu Bóasdóttur, tilnefndri af guðfræðideild,  
sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur, tilnefndri af kirkjuráði þjóðkirkjunnar,  
Ástríði Stefánsdóttur, dósent, tilnefndri af Kennaraháskóla Íslands,  
Páli Hreinssyni, prófessor, skipuðum án tilnefningar.

3.9 Framlenging umboðs stjórnar Endurmenntunarstofnunar Háskólans til 1. febrúar 2005, sbr. síðasta fund.

- Samþykkt einróma.

3.10 Samstarf H.Í. og LSH: Stefnunefnd H.Í. og LSH kemur á fundinn kl. 14.30.

Inn á fundinn kom Stefnunefnd H.Í. og LSH og greindi frá þróun og stöðu samstarfs beggja stofnana. Farið var yfir framlagt yfirlit yfir stöðu einstakra mála og fyrirspurnum svarað. Fram kom almenn ánægja með samstarfið.

Fleira var ekki gert.  
Fundi slitið kl. 15.20.

